

Hulda Kristjánsdóttir

From: Unna Björg Ögmundsdóttir <unna@babubabu.is>
Sent: fimmtudagur, 30. maí 2024 13:17
To: Hulda Kristjánsdóttir; Árni Eiríksson; Sveitarstjóri Flóahrepps
Cc: Pétur Pétursson; Lárus Kristinn Guðmundsson; Heiða Ösp Árnadóttir
Subject: Bókun Flóahrepps vegna lántöku BÁ
Attachments: Bókun Flóahreppur vegna lán 2024 BÁ.docx; 32. fundargerð HÁ - Vorfundur 09.04.2024.pdf; 19 stjórn 260324 (1).pdf

Góðan dag

Í fjárhagsáætlun Brunavarna Árnassýslu fyrir árið 2024 var gert ráð fyrir lántöku að upphæð kr. 190.000.000.- vegna kaupa á nýjum dælubíl, byggingar á tækja- og búnaðargeymslu á Laugarvatni og fyrsta áfanga byggingar á Flúðum.

Dælubíllinn er væntanlegur til landsins í júní og byggingarframkvæmdir á Laugarvatni eru komnar vel á veg og tími til kominn að sækja um lánið.

Stjórn Brunavarna Árnassýslu og Héraðsnefnd Árneseinga hafa samþykkt lántökuna í bókunum (sjá viðhengi) en þörf er á bókunum frá sveitastjórnnum allra eigenda BÁ.

Meðfylgjandi er tillaga að bókun Flóahrepps til að senda á Lánasjóð sveitarfélaga sem við óskum eftir að verði tekin fyrir svo fljótt sem verða má. Óskum við eftir að fá bókunina senda á petur@babubabu.is um leið og hún hefur verið samþykkt.

Kveðja,

Unna Björg Ögmundsdóttir

Brunavarnir Árnassýslu
Árvegi 1
800 Selfoss
www.babubabu.is
s. 4 800 900



Ábyrgð Flóahrepps vegna lántöku Brunavarna Árnassýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 190.000.000.-

Bókun vegna lántöku Brunavarna Árnassýslu vegna kaupa á dælubíl, vegna byggingar á tækja- og búnaðargeymslu á Laugarvatni og vegna fyrsta áfanga byggingar á Flúðum.

Flóahreppur samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Brunavarna Árnassýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 190.000.000.-, í samræmi við skilmála láns til ársins 2039 eins og þeir verða á þeim tíma er lánið er tekið. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Brunavörnum Árnassýslu. Flóahreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum.

Er lánið tekið til að fjármagna kaup á nýjum dælubíl, vegna byggingar á tækja- og búnaðargeymslu á Laugarvatni og vegna fyrsta áfanga byggingar á Flúðum, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Flóahreppur skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Árnassýslu til að breyta ekki ákvæði samþykka félagsins sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Flóahreppur selji eignarhlut í Brunavörnum Árnassýslu til annarra opinberra aðila, skuldbindur Flóahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Huldu Kristjánsdóttur, kt 300184-3249, sveitarstjóra Flóahrepps, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Flóahrepps veitingu ofnangreindrar ábyrgðar með áritun á lánsamninginn.



Selfossi, 26.3.2024

Fundargerð stjórnar

19. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn þriðjudaginn 26. mars 2024, kl. 14:30 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Steindóra Kristinsdóttir (á teams), Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. **Drög að ársreikningi BÁ vegna ársins 2023**

Pétur kynnti drög að ársreikningi 2023. Umræður. Stjórn samþykkir ársreikninginn.

2. **Lántökur vegna dælubifreiðar og framkvæmda í uppsveitum**

Pétur ræddi fyrirhugaðar lántökur vegna dælubifreiðar og framkvæmda í uppsveitum sem samþykktar voru í fjárhagsáætlun BÁ fyrir árið 2024. Stjórn samþykkir að fullnýta heimild til lántöku að upphæð kr 190.000.000.- og veitir Pétri Péturssyni, slökkviliðsstjóra, kt 210873-5979, fulla heimild til að vinna að lánasamningi við Lánasjóð sveitarfélaga.

3. **Drög að samkomulagi milli Brunavarna Árnessýslu og Björgunarfélagsins Eyvindar**

Pétur kynnti drög að viljayfirlýsingu milli BÁ og Björgunarfélagsins Eyvindar vegna fyrirhugaðrar byggingar björgunarmiðstöðvar á Flúðum. Stjórn samþykkir viljayfirlýsinguna og stefnir að undirritun hið fyrsta.

4. **Staðan á framkvæmdum á Laugarvatni**

Pétur sagði frá stöðunni á framkvæmdum á Laugarvatni.

5. **Samþykktir BÁ**

Steinn Erla Kolbeinsdóttir, lögfræðingur, fór yfir vinnu við gerð nýrra samþykktar fyrir Brunavarnir Árnessýslu bs.

6. **Önnur mál**

a. **Aðalfundur Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi**

Pétur sagði frá því að aðalfundur Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi verði haldinn á starfssvæði Brunavarna Árnessýslu í apríl. BÁ sér um alla skipulagningu á fundinum og mun þurfa að standa straum af einhverjum kostnaði í tengslum við fundinn. Umræður. Stjórn samþykkir að fjármagn verði nýtt í þennan viðburð.

b. **Fyrirhuguð árshátíðarferð dagvinnufólks BÁ**

Pétur sagði frá fyrirhugaðri árshátíðarferð dagvinnufólks BÁ í haust. Umræður um kostnað og aðkomu BÁ.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið kl. 16:30

Undirritunarsíða

Formaður stjórnar
Helgi Kjartansson



Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 04.04.2024
Tími: 13:45:15
Ástæða: Samþykkt
Sigmet ID: 6d87e548-
7426-4967-a803-
fbf99c4e52b9

Fjóra Steindóra Kristinsdóttir



Undirritað af:
Fjóra Steindóra
Kristinsdóttir
2702725849
Dags: 04.04.2024
Tími: 11:53:27
Ástæða: Samþykkt
Sigmet ID: 6d87e548-
7426-4967-a803-
fbf99c4e52b9

Bragi Bjarnason




Undirritað af:
Bragi Bjarnason
2504815359
Dags: 04.04.2024
Tími: 12:39:59
Ástæða: Samþykkt
Sigmet ID: 6d87e548-
7426-4967-a803-
fbf99c4e52b9

Árni Eiríksson



Undirritað af:
Árni Eiríksson
0809664589
Dags: 04.04.2024
Tími: 12:42:01
Ástæða: Samþykkt
Sigmet ID: 6d87e548-
7426-4967-a803-
fbf99c4e52b9

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir




Undirritað af:
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
2601794709
Dags: 04.04.2024
Tími: 11:54:12
Ástæða: Samþykkt
Sigmet ID: 6d87e548-
7426-4967-a803-
fbf99c4e52b9

Slökkviliðsstjóri
Pétur Pétursson



Undirritað af:
Pétur Pétursson
2108735979
Dags: 04.04.2024
Tími: 12:56:16
Ástæða: Samþykkt
Sigmet ID: 6d87e548-
7426-4967-a803-
fbf99c4e52b9

Varaslökkviliðsstjóri
Lárus Kristinn Guðmundsson



Undirritað af:
Lárus Kristinn
Guðmundsson
0803843199
Dags: 04.04.2024
Tími: 14:34:20
Ástæða: Samþykkt
Sigmet ID: 6d87e548-
7426-4967-a803-
fbf99c4e52b9

Fundarritari
Unna Björg Ögmundsdóttir



Undirritað af:
Unna Björg Ögmundsdóttir
0310795359
Dags: 04.04.2024
Tími: 12:58:38
Ástæða: Samþykkt
Sigmet ID: 6d87e548-
7426-4967-a803-
fbf99c4e52b9